


Gestaaðgangur – að veita aðgang og deila skjölum

Hægt er að veita ytri aðilum aðgang að Teams og Sharepoint svæðum, þannig að þeir geti haft aðgang að öllum gögnum, samskiptum og upplýsingum sem eru geymd þar. Gott er að hafa nokkra hluti í huga við gestaaðgang og hér eru leiðbeiningarnar því kaflaskiptar.

1. Að stofna Teams svæði sem gestir hafa aðgang að
2. Að veita aðgang fyrir gesti
3. Frumskráning gesta í Landspítala (Health) umhverfi
4. Deiling hlekkja með gestum
5. Að vinna sem gestur í Teams

1. Að stofna Teams svæði sem gestir hafa aðgang að


Við stofnun nýs Teams svæðis eru búin til bæði Teams og Sharepoint svæði, þar sem þau eru samtengd. Ferlið er einfalt þar sem smellt er á **Stofna** á borðanum til vinstri í Teams. Þar eru skráðar inn grunnupplýsing auk þess sem valið er Innra samstarf eða Gestir. Eins og nafnið gefur til kynna þarf að velja **Gestir** eigi að vera hægt að veita aðilum utan Landspítala aðgang að svæðunum. Þegar beiðnin hefur verið send inn er hún send til úrvinnslu, en það tekur alla jafna skamman tíma.




2. Að veita aðgang fyrir gesti

Eigandi svæðis getur boðið inn þátttakendum, hvort sem það eru starfsmenn Landspítala eða ytri aðilar, í gegnum Teams. Ferlið er eftirfarandi.

Á teymissvæðinu, smelltu á punktana þrjá og veldu Add member



Sláðu inn pósthfang ytri aðila og veldu, Add [xxx@xx.xx](#) as a guest




Þá fær viðkomandi sendan póst um aðgang og uppsetningu, sjá næstu síðu

3. Frumskráning gesta í Landspítala (Health) umhverfi

Innskráning gesta er mismunandi eftir því hvort viðkomandi sé nýr í þessu umhverfi, er þegar með aðgang eða er með viðkomandi tölvupóstfangið þegar tengt við office.com. Af þessum ástæðum er erfitt að búa til skref fyrir skref leiðbeiningar hér. Þess í stað er farið í gegnum hefðbundið ferli en hafið í huga að ferlið getur verið mismunandi milli notenda. Þá getur tungumál verið ýmist á íslensku eða ensku. Ef þessar leiðbeiningar reynast ekki fullnægjandi þarf að hafa samband við 1550.


Ytri aðili fær sendan tölvupóst með eftirfarandi upplýsingum.

Til að hefja skráningu er smellt á „Open Microsoft Teams“




Skráning inn á Health hefst

Smellt er á „Accept“




Teams opnast og tengist Health Smellt á „Yes“




Tveggja þátta auðkenni


Hér er einfaldast að nota sms fyrir tveggja þátta auðkenni, í stað Microsoft Authenticator, því er valið „Ég vil nota annað sannvottunarforrit“



Veldu aðferðina „Sími“ úr listanum og svo staðfesta.



Veldu land „Iceland (+354) og færðu inn símanúmerið þitt og veldu áfram.



Login to Microsoft Teams

Haltu reikningnum þínum öruggum

Fyrirtækið þitt krefst þess að þú setjir upp eftirfarandi aðferðir til að sanna hver þú ert.

Sími

Þú getur sannað hver þú ert með því að senda textaskilaboð í símann.
Hvaða símanúmer viltu nota?

Iceland (+354)


Færðu inn símanúmerið þitt

Sendið mér kóða í textaskilaboði

Verð fyrir skilaboð og gögn gætu átt við.

Áfram

[Ég vil setja upp aðra aðferð](#)



Login to Microsoft Teams


Haltu reikningnum þínum öruggum

Fyrirtækið þitt krefst þess að þú setjir upp eftirfarandi aðferðir til að sanna hver þú ert.

Sími

Textaskilaboð voru sannpröfuð. Síminn var skráður á réttan hátt.

Áfram



Login to Microsoft Teams


Haltu reikningnum þínum öruggum

Fyrirtækið þitt krefst þess að þú setjir upp eftirfarandi aðferðir til að sanna hver þú ert.

Þetta tókst!

Vel gert! Þú settir upp öryggisupplýsingar á réttan hátt. Smelltu á "Lokið" til að halda innskráningu áfram.

Sjálfgefin innskráningaraðferð: Sími - textaskilaboð 8245269











 Sími
+354 8245269

Lokið

4. Deiling hlekkja með gestum

Deiling með gestum er ögn ólíkt hefðbundinni deilingu þar sem aðgangur gesta að gögnum er ekki sá sami og starfsmenn Landspítala hafa.





Veljið skjalið úr lista og „Share“

	Ármúli 1A - Öryggiskerfi.docx	February 20	Magnús Már Hrafn
	Blóðbankinn - Þjófavarnarkerfi_2. og 3. hæð.pdf	February 20	Magnús Már Hrafn
	Blóðbankinn - Þjófavarnarkerfi kjallari_1. hæð.pdf	February 20	Magnús Már Hrafn
	Fossvogur - Neyðarhnappakerfi á A 1.docx		Magnús Már Hrafn
	Fossvogur - Neyðarhnappar – Afgreiðsla boð og vinnureglur.docx		Magnús Már Hrafn
	Geðdeild - Öryggiskerfi 31A 31C og hús 13 1. hæð.doc		Magnús Már Hrafn
	Grensás - Boð frá öryggisk Grensási.doc		Magnús Már Hrafn
	Grensás - Innbrotakerfi.pdf		Magnús Már Hrafn
	Handbók fyrir CroW 64 Öryggiskerfi.pdf		Magnús Már Hrafn
	Kleppur - eftirlitsmyndavélar des 2011.pdf	February 20	Magnús Már Hrafn


Veljið „Specific people“ og hvort það eigi að vera „edit“ réttindi. Veljið síðan móttakendur

Link settings

Who would you like this link to work for? [Learn more](#)


-  Anyone with the link ⓘ
-  People in Health with the link
-  People with existing access
-  **Specific people** ✓



Other settings

- Allow editing
- Block download 


Apply **Cancel**

Send Link

 People you specify can edit >


 magnus@klettur.io 

Add another


 magnus@klettur.io is outside of your organization.

Add a message (optional)


Send



Copy Link

Viðtakandi fær póst og smellir á „Opna“ hnappinn.


Magnús Már Hrafnsson deildi skrá með þér


Hér er skjalið sem Magnús Már Hrafnsson deildi með þér.

 Aðaluppdr.br 01-02 Kópavogsgærði


 Þessi tengill virkar aðeins fyrir beina viðtakendur skýtisins.

[Opna](#)

Við það opnast síða í vafra. Veljið „Next“


Sharing Link Validation

You've received a secure link to:


 Aðaluppdr.br 01-02
Kópavogsgærði.pdf

Sign in to **magnus@klettur.io** and we'll give you access immediately.

[Next](#)

© 2017 Microsoft Privacy & Cookies

Viðtakandi fær sendan „Verification Code“ sem hann slær inn.




The screenshot shows a Microsoft verification interface. At the top is the Microsoft logo. Below it is a white box with the title "Enter Verification Code". The text inside the box reads: "You've received a secure link to:" followed by a document icon and the text "Aðaluppr.br 01-02 Kópavogsgærði.pdf". Below this, it says "To open this link, enter the code we just emailed to **magnus@klettur.io**. [Send again](#)". There is an input field labeled "Enter code" with a help icon. Below the input field is a blue "Verify" button. Underneath is a checkbox labeled "Keep me signed in". At the bottom, it says "Sign in to **magnus@klettur.io** and we'll give you access immediately." followed by a blue "Next" button.

Pegar viðtakandi er búinn að staðfesta með „Verification Code“, sem berst í gegnum textaskilaboð, birtist skjalið.

5. Að vinna sem gestur í Teams

Ef maður er gestur í Teams hjá öðru fyrirtæki eða stofnun þá þarf maður að nálgast það svæði með því að fara í hornið uppi til hægri, við hliðina á icon/mynd og velja þar viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Þannig er svæði Landspítala kallað Health. Um leið og valið hefur verið svæði birtast þeir Teams hópar sem viðkomandi er hluti af auk þess sem samskipti í spjalli eru aðgengileg þar.



Til að fylgjast með öllum breytingum sem verða á svæðinu er alla jafna best að fylgjast með þeim reglulega handvirkt. Þó birtist rautt merki við flettilistann þar sem stendur Health auk þess er hægt að stilla tilkynningar þannig að það berst tölvupóstur þegar eitthvað nýtt birtist. Með því að smella á icon/mynd er hægt a velja stillingar og breyta tilkynningum.

Einhver vandamál?

Ef einhverjar spurningar, vinsamlegast hafið samband við þjónustumiðstöð HUT:
1550 / 1550@landspitali.is / hutgatt.lsh.is